

## Frumvarp til laga

### um breytingu á efnalögum, nr. 61/2013 (gufugleypibúnaður, gæði eldsneytis, færsla eftirlits o.fl.).

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- Í stað orðanna „og efnablöndum“ í 1. másl. kemur: efnablöndum og hlutum sem innihalda efni.
- Í stað orðanna „og efnablöndur“ í 1. másl. kemur: efnablöndur og hluti sem innihalda efni.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- Í stað orðsins „Plöntuvarnarefni“ í 27. tölul. kemur: Plöntuverndarvara.
34. tölul. orðast svo: *Sæfivara*:
  - Sérhvert efni eða blanda, í því formi sem efnið eða blandan er afhent notendum, sem samanstendur af, inniheldur eða myndar eitt eða fleiri virk efni og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.
  - Sérhvert efni eða blanda sem myndast úr efnunum eða blöndum sem falla ekki undir a-lið og er ætlað að eyða skaðlegum lífverum, bægja þeim frá, gera þær skaðlausar, koma í veg fyrir áhrif þeirra eða verjast þeim með öðrum hætti en eingöngu efnislegum eða vélrænum aðferðum.
- Í stað orðanna „sæfiefni og plöntuvarnarefni“ í 38. tölul. kemur: sæfivörur og plöntuverndarvörur.
- Við bætast eftirfarandi orðskýringar í rétttri stafrófsröð, svohljóðandi:
  - Ábyrgðaraðili snyrtivöru*: Framleiðandi, innflytjandi eða umboðsaðili framleiðanda eða innflytjanda með staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu sem setur snyrtivöru á markað í fyrsta sinn eða dreifingaraðili sem markaðssetur snyrtivöru undir sínu nafni, vörumerki eða breytir vöru, sem þegar er á markaði, á þann hátt að áhrif getur haft á það hvort varan uppfylli kröfur.
  - Leyfisskyld vara*: Vara sem er leyfisskyld á Evrópska efnahagssvæðinu. Enn fremur vara sem búið er að takmarka, banna eða þarf að tilkynna með skráningu í viðeigandi gagnagrunn Evrópusambandsins.

- c. *Raf- og rafeindabúnaður*: Búnaður sem er háður rafstraumi eða rafsegulsviði til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og er hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum.
- d. *Útrýmingarefni*: Sæfivörur sem falla undir eftirfarandi vöruflokka: Nagdýraeitur, fuglasæfa, lindýraeitur, ormaeitur og vörur til að verjast öðrum hryggleysingjum, fiskisæfa, skordýraeitur, mítlasæfa og vörur til að verjast öðrum liðdýrum, fæliefni og löðunarefni og vörn gegn öðrum hryggdýrum.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og efnablöndum“ í 1. tölul. kemur: efnablöndum og hlutum sem innihalda efni.
- b. Orðið „framleiðslu“ í 2. tölul. fellur brott.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Orðið „notkun“ í 2. tölul. fellur brott.
- b. Á eftir orðunum „merkingum efna“ í 2. tölul. kemur: og efnablandna.

## 5. gr.

2. tölul. 8. gr. laganna orðast svo: hafna tollafgreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði laga þessara, að fengnum tilmælum frá Umhverfisstofnun, sbr. 2. mgr. 20. gr.

## 6. gr.

Á eftir 10. gr. laganna kemur ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Hlutverk Mannvirkjastofnunar.*

Hlutverk Mannvirkjastofnunar er að:

- 1. hafa eftirlit með markaðssetningu raf- og rafeindabúnaðar, sbr. 47. gr. a,
- 2. hafa eftirlit með að framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar raf- og rafeindabúnaðar uppfylli skyldur sínar, sbr. 47. gr. b,
- 3. hafa eftirlit með að ESB-samræmisýfirlýsing og CE-merki sé til staðar, sbr. 47. gr. c,
- 4. hafa eftirlit og beita þvingunarúrræðum, sbr. 47. gr. d.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og 23. gr.“ í b-lið 1. tölul. 1. mgr. kemur: 23., 35. og 36. gr.
- b. Orðin „og ákvæði um ramma fyrir varnarefni“ í c-lið 3. tölul. 1. mgr. falla brott.
- c. Á eftir orðunum „virkni þess“ í 4. tölul. 1. mgr. kemur: og skyldur þeirra til að varðveita upplýsingar um efnið.
- d. Í stað orðanna „upplýsingaskrá“ í b-lið og „upplýsingaskrár“ í i-lið 7. tölul. 1. mgr. kemur: vöruupplýsingaskjal; og: vöruupplýsingaskjals.
- e. Við f-lið 7. tölul. 1. mgr. bætist: með skráningu snyrtivöru í gagnagrunn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

- f. Við 8. tölul. 1. mgr. bætist nýr stafliður, svohljóðandi: undanþágur frá banni við framleiðslu og markaðssetningu og skilyrði undanþágu, svo og um búnað, merkingar, neyðar-notkun, innflutning á endurunnum efnunum og förgun.
- g. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Raf- og rafeindabúnað, sbr. IX. kafla A, þ.m.t. um:
- takmörkun efna í raf- og rafeindabúnaði, sbr. 47. gr. a,
  - skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila raf- og rafeindabúnaðar, sbr. 47. gr. b,
  - ESB-samræmisýfirlýsingu og CE-merki, sbr. 47. gr. c.
- h. Við 10. tölul. 1. mgr. bætast þrjú nýir stafliðir, svohljóðandi:
- takmörkun á markaðssetningu vöru og búnaðar sem innihalda flúoraðar gróðurhúsalofttegundir,
  - leyfilegt magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem setja má á markað,
  - úthlutun kvóta til markaðssetningar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.
- i. 13. tölul. 1. mgr. orðast svo: Eldsneyti, sbr. IX. kafla B, þ.m.t. um:
- virgni kerfa til endurheimtar bensínufu, sbr. 47. gr. f,
  - reglubundnar skoðanir með virgni kerfa til endurheimtar bensínufu, sbr. 47. gr. g,
  - upplýsingar til neytenda, sbr. 47. gr. h,
  - brennisteinsinnihald í eldsneyti, sbr. 47. gr. i,
  - skyldur skipstjóra og skipaeldsneytisbirgja, sbr. 47. gr. j,
  - upplýsingar um brennisteinsinnihald, sbr. 47. gr. k,
  - gæði eldsneytis, sbr. 47. gr. l,
  - skyldur eldsneytisbirgja, sbr. 47. gr. m,
  - viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti, sbr. 47. gr. n,
  - útreikning á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífoldsneyti á vistferli, sbr. 47. gr. o,
  - málmíblöndunarefni, sbr. 47. gr. p.
- j. 15. tölul. 1. mgr. orðast svo: Notendaleyfi, sbr. 47. gr., þ.m.t. um skilyrði og útgáfu, námsefni um meðferð varnarefna sem skal m.a. fjalla um helstu lög og reglugerðir, plöntuverndarvörur, útrýmingarefni, vinnuvernd, meindýr, meindýravarnir og dýravvernd, próf og kröfur til þeirra sem halda námskeið og próf.
- k. 18. tölul. 1. mgr. orðast svo: Tilkynningu um markaðssetningu eiturefna og leyfisskyldra efna eða efnablandna, heimild tollstjóra til að hafna tollafgreiðslu og lista yfir eiturefni og leyfisskyld efni og efnablöndur samkvæmt tollflokkum, sbr. 20. gr.
- l. 21. tölul. 1. mgr. fellur brott.

8. gr.

Í stað orðanna „og efnablandna“ í 1. málsl. 1. mgr. 12. gr. laganna kemur: efnablandna og hluta sem innihalda efni.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

4. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:  
Ábyrgðaraðili snyrtivöru skal varðveita vöruupplýsingaskjal um snyrtivöru í a.m.k. tíu ár frá þeim degi þegar síðasta framleiðslulota vörunnar er sett á markað.
- Á eftir 4. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Framleiðendur, birgjar, dreifingaraðilar, innflytjendur og útflytjendur plöntuverndarvara skulu halda skrár yfir plöntuverndarvörurnar sem þeir framleiða, flytja inn, flytja

út, geyma eða setja á markað, í a.m.k. fimm ár. Þeir sem nota útrýmingarefni eða plöntuverndarvörur í atvinnuskyni skulu halda skrár í a.m.k. þrjú ár yfir þær vörur sem þeir nota þar sem fram kemur heiti vöru, notkunartími og -skammtur, svæði og, þegar um er að ræða plöntuverndarvöru, nytjaplanta sem varan var notuð á.

c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Skylda til að afla og varðveita upplýsingar.*

10. gr.

Á eftir orðunum „hættulegra efna“ í 18. gr. laganna kemur: á landi.

11. gr.

20. gr. laganna orðast svo:

Sá sem markaðssetur eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvaða efni og efnablöndur ræðir og gefur Umhverfisstofnun út skráningarnúmer fyrir tollafgreiðslu eiturefna og leyfisskyldra efna og efnablandna. Í upphafi hvers árs skal sá sem markaðssetur eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur gera Umhverfisstofnun grein fyrir magni þeirra á þar til gerðum eyðublöðum fyrir undangengið ár.

Tollstjóra er heimilt að hafna tollafgreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði laga þessara, að fengnum tilmælum frá Umhverfisstofnun.

Ráðherra skal setja í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

12. gr.

3.–5. mgr. 23. gr. laganna falla brott.

13. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 24. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „eiturefni og“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: tiltekin.
- b. 3. málsl. 1. mgr. orðast svo: Þeir sem markaðssetja eiturefni og tiltekin varnarefni skulu halda skrá yfir sölu þeirra og skal móttakandi eiturefna sýna skilríki og kvitta fyrir móttöku.
- c. 5. málsl. 1. mgr. orðast svo: Upplýsingar um kaupanda, gögn um magn og tegund eiturefna, útrýmingarefna og plöntuverndarvara sem sett eru á markað skulu afhentar Umhverfisstofnun á því formi sem stofnunin tilgreinir.
- d. Í stað orðanna „eiturefnis“ og „efnisins“ í 6. málsl. 1. mgr. kemur: eiturefna og tiltekinna varnarefna; og: efnanna.
- e. Á eftir orðunum „Sá sem markaðssetur eiturefni og“ í 1. málsl. 3. mgr. kemur: tiltekin.

14. gr.

Við 32. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 3. mgr. og orðast svo:

Óheimilt er að markaðssetja efni og efnablöndur sem ekki uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr.

15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

- a. 5. málsl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „ákvæði um ramma fyrir varnarefni“ í 6. málsl. 1. mgr. falla brott.

## 16. gr.

Við 1. máls. 1. mgr. 36. gr. laganna bætist: ef varan er sambærileg og vara sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi.

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 40. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Einungis er heimilt að setja snyrtivöru á markað hafi lögaðili eða einstaklingur á Evrópska efnahagssvæðinu verið tilnefndur sem ábyrgðaraðili fyrir vörunni. Ábyrgðaraðili skal sjá til þess að viðeigandi skyldur séu uppfylltar fyrir hverja snyrtivöru sem sett er á markað. Þegar um er að ræða fyrstu markaðssetningu á Evrópska efnahagssvæðinu skal ábyrgðaraðili snyrtivöru tilkynna um markaðssetningu snyrtivöru með skráningu í gagnagrunn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins eins og nánar er kveðið á um í reglugerð, sbr. 11. gr.

b. 3. mgr. orðast svo:

Ábyrgðaraðili snyrtivöru skal útbúa og varðveita sérstakt vöruupplýsingaskjal um hverja snyrtivöru sem sett er á markað.

c. 5. mgr. fellur brott.

d. Í stað orðsins „háð“ í 6. mgr. kemur: leyfileg með ákveðnum.

e. Við 6. mgr. bætist: öryggismat, öryggisskýrslu og vöruupplýsingaskjal.

## 18. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 41. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „og að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum“ í 2. máls. kemur: að lekaleit sé framkvæmd af vottuðum aðilum.

b. Við 2. máls. 1. mgr. bætist: sbr. 43. gr., og að tiltekinn búnaður hafi lekaleitarkerfi.

c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Varðveisla flúoraðra gróðurhúsalofttegunda.*

## 19. gr.

Í stað orðanna „og gildir í sex ár“ í 3. mgr. 43. gr. laganna kemur: eða verið tilnefndur sem slíkur af öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu.

## 20. gr.

Í stað orðanna „innihaldslýsingu og varnaðarorðum“ í 44. gr. laganna kemur: þeirra, upplýsingum um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í kg og í CO<sub>2</sub> jafngildum og öðrum upplýsingum sem sýna fram á að innihaldið sé flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

## 21. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar, 44. gr. a – 44. gr. c, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

a. (44. gr. a.)

*Framleiðsla vöru og búnaðar.*

Framleiðendur vöru og búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skulu lágmarka leka þessara lofttegunda við framleiðslu, flutning og geymslu vörunnar og búnaðarins.

b. (44. gr. b.)

*Markaðssetning.*

Óheimilt er að markaðssetja vörur og búnað sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr. Jafnframt er notkun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda háð takmörkunum eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr.

c. (44. gr. c.)

*Magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markaði.*

Magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markaði er háð takmörkun. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., ákvæði um leyfilegt magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem framleiðendur og innflytjendur mega setja á markað ár hvert. Í reglugerðinni skal kveðið á um úthlutun á kvótum til markaðssetningar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skulu halda skrá yfir magn og gerð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem sett eru á markað eða flutt út. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 46. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Til að kaupa og nota varnarefni, sem einungis eru ætluð til notkunar í atvinnuskyni, skulu einstaklingar vera handhafar að viðeigandi notendaleyfi frá Umhverfisstofnun. Ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um kaup og viðtöku varnarefna.

b. Orðið „tiltekin“ í 2. mgr. fellur brott.

23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 47. gr. laganna:

a. Orðið „tiltekin“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.

b. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Þeir sem nota útrýmingarefni til eyðingar meindýra skulu hafa notendaleyfi fyrir útrýmingarefnum og þeir sem nota plöntuverndarvörur í landbúnaði og garðyrkju skulu hafa notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum.

c. Í stað orðsins „hafi“ í 1. másl. a-liðar 2. mgr. kemur: skal vera 18 ára eða eldri og hafa.

d. Í stað orðanna „varnarefna, þ.e. plöntuvarnarefna og sæfiefna“ í 1. másl. a-liðar 2. mgr. kemur: plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

e. Í stað orðsins „efna“ í b-lið 2. mgr. kemur: vara.

f. 5. másl. 3. mgr. fellur brott.

g. Í stað orðanna „þeirra efna“ í 4. mgr. kemur: á þeim vörum.

h. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Notendaleyfi vegna útrýmingarefna og plöntuverndarvara.*

## 24. gr.

Á eftir 47. gr. laganna koma tveir nýir kaflar, IX. kafli A, **Raf- og rafeindabúnaður**, með fjórum nýjum greinum, 47. gr. a – 47. gr. d, ásamt fyrirsögnum og IX. kafli B, **Eldsneyti**, með 12 nýjum greinum, 47. gr. e – 47. gr. p, ásamt fyrirsögnum, svohljóðandi:

## a. (47. gr. a.)

*Markaðssetning.*

Óheimilt er að setja á markað raf- og rafeindabúnað, þ.m.t. kapla og varahluti til viðgerða á búnaðinum, endurnotkunar, uppfærslu á virkni hans eða endurbóta á afköstum hans, sem inniheldur tiltekin efni sem ráðherra tilgreinir í reglugerð, sbr. 11. og 26. gr., og skal styrkur tiltekinna efna ekki vera hærri en hámarksstyrkur miðað við þyngd einsleitra hluta, eins og hann er tilgreindur í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. og 26. gr.

## b. (47. gr. b.)

*Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar raf- og rafeindabúnaðar.*

Framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar raf- og rafeindabúnaðar skulu:

- a. tryggja að þegar raf- og rafeindabúnaður er settur á markað, þá hafi hann verið hannaður og framleiddur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lögum þessum og reglugerð, sbr. 11. gr.,
- b. útbúa tilskilin tæknigögn og framkvæma, eða láta framkvæma, innra framleiðslu- eftirlit,
- c. útbúa ESB-samræmisfirlýsingu og festa CE-merkið á fullunna vöruna,
- d. varðveita tæknigögnin og ESB-samræmisfirlýsinguna í tíu ár eftir að raf- og rafeindabúnaðurinn hefur verið settur á markað,
- e. tryggja að aðferðir séu til staðar til að samræmi haldist í raðframleiðslu,
- f. halda skrá yfir raf- og rafeindabúnað sem stenst ekki kröfur og yfir innköllun vöru,
- g. merkja raf- og rafeindabúnaðinn eða láta viðeigandi upplýsingar fylgja honum,
- h. ef þörf er á taka búnaðinn af markaði, innkalla hann eða bæta úr ágöllum,
- i. afhenda lögbæru stjórnvaldi upplýsingar um búnaðinn ef eftir því er kallað.

Ráðherra skal setja í reglugerð, sbr. 11. gr., nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

## c. (47. gr. c.)

*Samræmisfirlýsing og CE-merkið.*

Í ESB-samræmisfirlýsingu skal lýsa yfir að sýnt hafi verið fram á að kröfurnar sem tilgreindar eru í lögum þessum og reglugerð, sbr. 11., hafi verið uppfylltar. Með samningu ESB-samræmisfirlýsingar lýsir framleiðandinn yfir að raf- og rafeindabúnaðurinn sé í samræmi við lög þessi og reglugerð, sbr. 11. gr.

Festa skal CE-merkið á fullunninn raf- og rafeindabúnað eða merkiplötu búnaðarins þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Ef því verður ekki komið við eða það er ástæðulaust vegna eðlis raf- og rafeindabúnaðarins skal festa merkið á umbúðir búnaðarins eða fylgiskjöl hans. CE-merkið skal fest á áður en raf- og rafeindabúnaðurinn er settur á markað.

d. (47. gr. d.)

*Eftirlit og þvingunarúrræði.*

Mannvirkjastofnun fer með eftirlit með framkvæmd þessa kafla.

Um framkvæmd eftirlits og þvingunarúrræði fer samkvæmt lögum nr. 42/2009, um visthönnun vöru sem tengist orkunotkun.

e. (47. gr. e.)

*Bensínstöðvar.*

Allar nýjar bensínstöðvar skulu vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensíngufu ef:

- a. raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er meira en 500 m<sup>3</sup> á ári eða
- b. raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er meira en 100 m<sup>3</sup> á ári og þær eru staðsettar undir varanlegum vistarverum eða vinnusvæði.

Allar bensínstöðvar sem fyrir eru og gangast undir meiri háttar endurnýjun skulu vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensíngufu við endurnýjun ef:

- a. raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er meira en 500 m<sup>3</sup> á ári eða
- b. raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er meira en 100 m<sup>3</sup> á ári og þær eru staðsettar undir varanlegum vistarverum eða vinnusvæði.

Allar bensínstöðvar sem fyrir eru og með gegnumstreymi sem er meira en 3000 m<sup>3</sup> á ári skulu vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensíngufu eigi síðar en 31. desember 2018.

Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda ekki um bensínstöðvar sem eru eingöngu notaðar í tengslum við smíði og afhendingu nýrra vélknúinna ökutækja.

f. (47. gr. f.)

*Lágmarksendurheimt bensíngufu.*

Virkni kerfa til endurheimtar bensíngufu skal vera fyrir bensíngufu a.m.k. 85%, eins og það er vottað af framleiðanda í samræmi við viðeigandi evrópska tæknistaðla, gerðarviðurkenningaráðferðir eða íslenska staðla.

Hlutfallið á milli gufu og bensíns skal vera a.m.k. 0,95 en að hámarki 1,05 þegar endurheimta bensíngufan er flutt frá geymslutanki á bensínstöðinni.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

g. (47. gr. g.)

*Reglubundnar skoðanir.*

Rekstraraðilar bensínstöðva skulu láta faggiltan skoðunaraðila prófa virkni kerfa til endurheimtar bensíngufu a.m.k. einu sinni á ári.

Rekstraraðilar bensínstöðva, þar sem sjálfvirkt vöktunarkerfi hefur verið sett upp, skulu láta faggiltan skoðunaraðila prófa virkni kerfa til endurheimtar bensíngufu a.m.k. á þriggja ára fresti.

Rekstraraðilar bensínstöðva skulu láta Umhverfisstofnun í té upplýsingar um niðurstöður faggilta skoðunaraðilans um leið og þær liggja fyrir.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.



h. (47. gr. h.)

*Upplýsingar til neytenda.*

Rekstraraðilar bensínstöðva, þar sem sett hafa verið upp kerfi til endurheimtar bensíngufu, skulu tryggja að upplýsingar um tilvist búnaðarins séu sýnilegar neytandanum.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

i. (47. gr. i.)

*Brennisteinsinnihald í eldsneyti.*

Brennisteinsinnihald í eldsneyti, bæði sem notað er hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands, skal fylgja þeim takmörkunum sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr.

j. (47. gr. j.)

*Skipstjórar og skipaeldsneytisbirgjar.*

Skipstjóri ber ábyrgð á að dagbók skips sé rétt útfyllt þar sem fram kemur m.a. hvers konar eldsneyti er notað.

Skipaeldsneytisbirgjar skulu skrá brennisteinsinnihald í öllu skipaeldsneyti sem þeir setja á markað á afhendingarseðil sem innsiglað sýni fylgir og kaupandi hefur skrifað undir. Þá skulu skipaeldsneytisbirgjar upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður mælinga viðurkenndra rannsóknastofa um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti.

Umhverfisstofnun skal halda skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á landinu og birta hana á vef sínum.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

k. (47. gr. k.)

*Upplýsingar um brennisteinsinnihald.*

Til að hafa eftirlit með brennisteinsinnihaldi skipaeldsneytis er Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar heimilt að taka sýni úr skipum, tönkum og olfubirgðastöðvum til nánari greiningar eða fá upplýsingar frá rannsóknastofu sem skipaeldsneytisbirgir vísar til. Einnig er Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar heimill aðgangur að olfudagbókum skipa og kvittunum frá söluaðila olfu þar sem fram koma upplýsingar um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

l. (47. gr. l.)

*Gæði eldsneytis.*

Einungis er heimilt að markaðssetja eldsneyti sem uppfyllir kröfur um innihaldsefni sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr.

m. (47. gr. m.)

*Minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda.*

Eldsneytisbirgjar skulu bera ábyrgð á vöktun og skýrslugerð um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku.

Eldsneytisbirgjar skulu árlega senda Umhverfisstofnun skýrslu um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku með því að veita a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a. heildarmagn hvernar tegundar eldsneytis eða orku sem afhent er og gefa til kynna hvar hún var keypt og uppruna hennar og
- b. losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu.

Eldsneytisbirgjar skulu minnka smám saman losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

- n. (47. gr. n.)

*Viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífoldsneyti.*

Orka frá lífoldsneyti skal einungis talin með að því er varðar minnkun gróðurhúsalofttegunda ef viðmiðanir um sjálfbærni sem ráðherra setur í reglugerð, sbr. 11. gr., eru uppfylltar.

Þegar telja skal lífoldsneyti með að því er varðar minnkun gróðurhúsalofttegunda skulu rekstraraðilar sýna fram á að viðmiðanirnar um sjálfbærni, sbr. 1. mgr., hafi verið uppfylltar. Í þeim tilgangi skulu rekstraraðilar nota massajafnvægiskerfi.

Rekstraraðilar skulu leggja fram áreiðanlegar upplýsingar og gera gögnin, sem notuð voru til grundvallar upplýsinganna, aðgengileg sé þess óskað. Rekstraraðilar skulu sjá til þess að framlagðar upplýsingar fari í gegnum viðunandi, óháða endurskoðun og færa sönnur á að slíkt hafi verið gert.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

- o. (47. gr. o.)

*Útreikningur á losun gróðurhúsalofttegunda frá lífoldsneyti á vistferli.*

Reikna skal út losun gróðurhúsalofttegunda frá lífoldsneyti á vistferli eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur, sbr. 11. gr.

- p. (47. gr. p.)

*Málmíblöndunarefni.*

Birgjar skulu sjá til þess að merkimiði sem varðar innihald málmíblöndunarefna í eldsneyti sé þar sem eldsneyti með málmíblöndunarefnum er á boðstólum fyrir neytendur.

Merkimiðinn skal bera eftirfarandi texta: „Inniheldur málmíblöndunarefni“.

Ráðherra skal í reglugerð, sbr. 11. gr., setja nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

25. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 50. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „upplýsingum“ í 1. og 2. mgr. kemur: viðurkenndum prófunarniðurstöðum.
- b. Í stað orðsins „sýni“ í 1. mgr. kemur: vörueintak.
- c. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Heimild Umhverfisstofnunar til prófana og rannsóknna.*

## 26. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 51. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „sýni“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: vörueintaki.
- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Afhending vörueintaks.*

## 27. gr.

Í stað orðanna „framleiðendum og innflytjendum“ í 1. málsl. 1. mgr. 53. gr. laganna kemur: birgjum.

## 28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 54. gr. laganna:

- a. Orðin „fyrir varnarefni“ í 2. tölul. 1. mgr. falla brott.
- b. 3. og 4. tölul. 1. mgr. falla brott.
- c. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Útgáfu skráningarnúmers fyrir tollafgreiðslu eiturefna og leyfisskyldra efna og efnablandna.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Yfirferð á skýrslu eldsneytisbirgja, sbr. 47. gr. m.

## 29. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

- a. 2. málsl. fellur brott.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
 

Dagsektir geta numið allt að 500.000 fyrir hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Ákvarðanir Umhverfisstofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Sé sekt samkvæmt þessari grein ekki greidd innan mánaðar frá ákvörðun Umhverfisstofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efnadegi, falla ekki niður þótt aðili efni síðar viðkomandi kröfu nema Umhverfisstofnun ákveði það sérstaklega. Sektir samkvæmt þessari grein renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu.

## 30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 57. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „takmarka“ í 1. málsl. kemur: stöðva.
- b. Í stað orðanna „sem uppfyllir“ í 1. málsl. kemur: þegar í stað þegar grunur leikur á að varan uppfylli.
- c. Við bætist nýr málsl., svohljóðandi: Umhverfisstofnun er heimilt að taka ákvörðun um stöðvun markaðssetningar á vöru um stundarsakir án þess að veita aðila andmælarétt, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga, en skal í stað þess veita honum færi á að koma sjónarmiðum sínum að um leið og ákvörðun hefur verið tekin.
- d. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Stöðvun markaðssetningar á vöru um stundarsakir.*

## 31. gr.

Fyrirsögn 58. gr. laganna orðast svo: *Stöðvun markaðssetningar vöru.*

## 32. gr.

59. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Stöðvun starfsemi til bráðabirgða.*

Telji Umhverfisstofnun svo alvarlega hættu stafa af tiltekinni starfrækslu að aðgerð þoli enga bið er henni heimilt til bráðabirgða að stöðva starfsemi þegar í stað.

## 33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

- a. 2. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ákvæðum um markaðssetningu eitrefna og tiltekinna varnarefna, sbr. 24. gr.
- b. Orðin „1. mgr.“ í 6. tölul. 1. mgr. falla brott.
- c. Við 1. mgr. bætast fimm nýir töluliðir, svohljóðandi:
  9. Ákvæðum um tollafgreiðslu, sbr. 20. gr.
  10. Ákvæðum um framleiðslu, markaðssetningu og notkun, sbr. 23. gr.
  11. Ákvæðum um efni í snyrtivörum, sbr. 40. gr.
  12. Ákvæðum um leyfilegan hámarksstyrk brennisteins í skipaeldsneyti, sbr. 47. gr. i.
  13. Ákvæðum um innihaldsefni eldsneytis, sbr. 47. gr. l.

## 34. gr.

69. gr. laganna orðast svo:

Lög þessi eru sett til innleiðingar á eftirfarandi EES-gerðum:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), stofnun Efnastofnunar Evrópu, breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB, sem vísað er til í tölulið 12r, XV. kafla, II. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008, 14. mars 2008.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem vísað er til í tölulið 12zze, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012, 15. júní 2012.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 842/2006 um tiltekna flúoraðar gróðurhúsalofttegundir, sem vísað er til í tölulið 9b, XVII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2008, 7. nóvember 2008, og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006.
4. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra, sem vísað er til í tölulið 12n, XV. kafla,

- II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2013, 13. desember 2013.
5. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1005/2009 frá 16. september 2009 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sem vísað er til í tölulið 21aa, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2012, 26. október 2012.
  6. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 varðandi markaðssetningu plöntuvarnarefna og niðurfellingu tilskipana ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE, sem vísað er til í tölulið 13, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2014, 30. september 2014.
  7. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB frá 21. október 2009 um að koma á ramma fyrir aðgerðir Bandalagsins svo stuðla megi að sjálfbærri notkun varnarefna, sem vísað er til í tölulið 11, I. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2014, 30. september 2014.
  8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum, sem vísað er til í tölulið 12q, XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2013, 3. maí 2013.
  9. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009 frá 30. nóvember 2009 um snyrtivörur, sem vísað er til í tölulið 1, XVI. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2013, 5. apríl 2013.
  10. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 648/2004 frá 31. mars 2004 um þvotta- og hreinsiefni, sem vísað er til í tölulið 12u, XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2005, 2. desember 2005.
  11. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og innleiðing kerfis til að fylgjast með og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sem breytir tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti og fellir úr gildi tilskipun 91/12/EBE.
  12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB frá 21. október 2009 um II. áfanga endurheimtar bensínugufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum, sem vísað er til í tölulið 21au, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 45/2013, 15. mars 2013.
  13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti, sem vísað er til í tölulið 21ad, III. kafla, XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2014, 27. júní 2014.

## 35. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III–V í lögunum falla brott.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### **I. Inngangur.**

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á efnalögum, nr. 61/2013, vegna færslu eftirlits með raf- og rafeindabúnaði frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar, innleiðingar á EES-gerðum og loks er skerpt á tilteknum ákvæðum og orðalagi breytt í ljósi þeirrar reynslu sem er komin á framkvæmd laganna.

Frumvarp þetta var samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samráði við Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun.

### **II. Tilefni og nauðsyn lagasetningar.**

Efnalög, nr. 61/2013, tóku gildi 17. apríl 2013. Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða og/eða undirbúa innleiðingu á nokkrum EES-gerðum. Um er að ræða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB um II. áfanga endurheimtar bensíngufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og innleiðing kerfis til að fylgjast með og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sem breytir tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti og fellir úr gildi tilskipun 91/12/EBE, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti og reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Þá er í frumvarpinu lagt til að eftirlit með raf- og rafeindabúnaði færist frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar þar sem það eftirlit fellur vel að öðrum verkefnum Mannvirkjastofnunar.

Loks hefur við framkvæmd laganna komið í ljós að skerpa mætti á tilteknum atriðum í því skyni að tryggja betur framkvæmd laganna. Sum þessara atriða snúa að því að gera orðalag skýrara, önnur að því að einfalda framkvæmd og enn önnur að breyta hugtakanotkun til samræmis við breytta hugtakanotkun í EES-gerðum sem hafa verið innleiddar eftir gildistöku laganna. Markmið sem frumvarpinu er ætlað að ná fram er að lögin verði skýrari og framkvæmd þeirra skilvirkari.

### **III. Meginefni frumvarpsins.**

Meginefni frumvarpsins er þrjúþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða innleiðingu á EES-gerðum, uppfærslu á þegar innleiddum EES-gerðum og undirbúning að innleiðingu á EES-gerðum. Í öðru lagi er um að ræða færslu eftirlits með raf- og rafeindabúnaði frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Í þriðja lagi er um að ræða breytingar á orðalagi og hugtakanotkun sem og breytingar til að gera framkvæmd laganna skilvirkari.

#### *Innleiðing á EES-gerðum.*

Frumvarpinu er í fyrsta lagi ætlað að innleiða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/ESB frá 21. október 2009 um II. áfanga endurheimtar bensíngufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum. Markmið með tilskipuninni er að draga úr loftmengun og bæta loftgæði með því að draga úr losun bensíngufu út í andrúmsloftið. Gerð er krafa um gufugleypibúnað á bensínstöðvum sem á að koma í veg fyrir að aukin losun á rokgjörnum

Lífraenum efnum frá íblönduðu eldsneyti hafi skaðleg áhrif á heilsu fólks og umhverfi. Í tilskipuninni er mælt fyrir um að slíka gufugleypa skuli setja upp á nýjar bensínstöðvar og bensínstöðvar sem undirgangast meiri háttar endurnýjun þar sem árleg bensínsala er meiri en 500 þúsund lítrar, eða í þeim tilvikum þegar bensínstöð er staðsett undir íbúðarhúsnæði eða vinnusvæði en í slíkum tilvikum er viðmiðið meira en 100 þúsund lítrar á ári. Þá skal setja upp gufugleypa á allar bensínstöðvar þar sem árleg bensínsala nemur meira en 3 milljónum lítrum á ári. Í síðastnefnda tilvikinu skal búnaðurinn vera settur upp fyrir 31. desember 2018. Í tilskipuninni er jafnframt kveðið á um þær lágmarkskröfur sem gufugleyparnir þurfa að uppfylla, sem og reglulegt eftirlit með búnaðinum. Í samræmi við tilskipunina er lagt til í frumvarpinu að allar nýjar bensínstöðvar skuli vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensín-gufu ef raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er umfram tiltekin mörk og að allar bensínstöðvar sem fyrir eru og gangast undir meiri háttar endurnýjun skuli koma upp slíku kerfi við endurnýjun ef raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er umfram tiltekin mörk. Þá er enn fremur lagt til að allar bensínstöðvar sem fyrir eru og með gegnumstreymi umfram tiltekin mörk skuli vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensín-gufu eigi síðar en 31. desember 2018. Í frumvarpinu er lagt til að gufugleypibúnaður þurfi að uppfylla lágmarkskröfur um endurheimt bensín-gufu. Að lokum er lagt til að rekstraraðilar bensínstöðva skuli láta faggiltan skoðunaraðila prófa virkni kerfa til endurheimtar bensín-gufu.

Í öðru lagi er með frumvarpinu ætlunin að styrkja lagastoð fyrir innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB frá 21. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti en tilskipunin var innleidd með reglugerð nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti. Í tilskipun 2012/33/ESB eru kröfur til brennisteinsinnihalds í skipaeldsneyti hertar. Markmiðið er að minnka losun brennisteinsdíoxíðs sem verður til við brennslu ákveðinna tegunda af fljótandi eldsneyti og minnka þannig skaðleg áhrif slíkrar losunar á menn og umhverfi. Helstu nýmæli eru þau að sett er hámarksgildi fyrir brennistein í skipaolíu en hugtakið skipaolía nær yfir allt fljótandi eldsneyti sem ætlað er til nota eða notað er í skipum og bátum. Auk þess eru gerðar hertar kröfur til tiltekinna gerða skipaolíu. Vert er að benda á að sama skipið getur notað mismunandi tegundir skipaolíu á siglingum sínum og fer val á olíu á hverjum tíma eftir þeim reglum um brennisteinsinnihald sem gilda á hverju svæði fyrir sig og eftir verði olíunnar. Í frumvarpinu er lagt til að brennisteinsinnihald í eldsneyti, bæði sem notað er hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands, skuli fylgja þeim takmörkunum sem ráðherra setur í reglugerð. Í frumvarpinu er einnig lagt til að skipstjóri beri ábyrgð á að dagbók skips sé rétt útfyllt, þar sem fram komi m.a. hvers konar eldsneyti sé notað og að skipaeldsneytisbirgjar skuli skrá brennisteinsinnihald í öllu skipaeldsneyti sem þeir setja á markað. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun skuli halda skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á landinu og birta hana á vef sínum. Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar verði heimilt að taka sýni úr skipum, tönkum og olúbirgðastöðvum til nánari greiningar eða fá upplýsingar frá rannsóknastofu sem skipaeldsneytisbirgir vísar til.

Í þriðja lagi er ætlunin með frumvarpinu að undirbúa innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseldsneytis og innleiðing kerfis til að fylgjast með og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sem breytir tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti og fellir úr gildi tilskipun 91/12/EBE. Tilskipun 2009/30/EB hefur ekki enn verið tekin upp í EES-samninginn en gert er ráð fyrir að hún verði tekin upp í hann á næstu mánuðum. Tilskipunin inniheldur nýja staðla fyrir eldsneyti til nota í vegasamgöngum. Nýju kröfurnar

munu leiða til þess að neikvæð áhrif eldsneytis á hlýnun jarðar og loftmengun mun minnka og aukning mun verða í notkun á lífheldsneyti. Lykilbreytingar felast í hvatningu til þróunar á eldsneyti og lífheldsneyti sem inniheldur minna kolefni og að birgjar verði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá framleiðslu, flutningi og notkun eldsneytis síns um 10% á árunum 2011–2020. Í frumvarpinu er lagt til að einungis verði heimilt að markaðssetja eldsneyti sem uppfyllir kröfur um innihaldsefni sem ráðherra setur í reglugerð. Þá er lagt til að eldsneytisbirgjar skuli bera ábyrgð á vöktun og skýrslugerð um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku og skuli jafnframt senda Umhverfisstofnun árlega skýrslu um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku. Enn fremur er lagt til að eldsneytisbirgjar skuli smám saman minnka losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Að lokum er lagt til að settar verði í reglugerð viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífheldsneyti.

Í fjórða lagi er ætlunin með frumvarpinu að undirbúa innleiðingu á reglugerð (ESB) Evrópuþingsins og ráðsins nr. 517/2014 frá 16. apríl 2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Reglugerð nr. 517/2014/ESB hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn og óljóst er á þessu stigi hvenær það muni verða nákvæmlega. Engu síður er nauðsynlegt að undirbúa innleiðingu reglugerðarinnar og setja laga-stoð fyrir væntanlegri innleiðingu hennar. Með reglugerðinni eru settar reglur um aðgerðir til að draga úr losun, um viðskipti, takmarkanir og skerðingu á framboði flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Reglugerðinni er ætlað að styrkja núverandi aðgerðir til að draga úr losun þessara efna og setur fram metnaðarfull markmið í þeim efnum. Í reglugerðinni er sett fram takmörkun á heildarkvóta flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem mega vera á markaði í Evrópusambandinu árið 2015 og sett fram hvernig dregið skuli úr framboðinu í skrefum til ársins 2030. Í reglugerðinni er sett fram bann við notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í nýjum tækjum, svo sem ísskápum. Þá eru sett fram ákvæði til að koma í veg fyrir leka á flúoruðum gróðurhúsalofttegundum í núverandi tækjum með eftirliti og viðunandi þjónustu sem og endurnýtingu þeirra. Í frumvarpinu er lagt til að framleiðendur vöru og búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skuli lágmarka leka þessara lofttegunda við framleiðslu, flutning og geymslu vörunnar og búnaðarins. Þá er lagt til að óheimilt verði að markaðssetja vörur og búnað sem innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt er lagt til að notkun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda verði háð takmörkunum eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Enn fremur er lagt til í frumvarpinu að magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markaði verði háð takmörkun og framleiðendum og innflytjendum verði úthlutað kvóta um leyfilegt magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem þeir mega setja á markað ár hvert.

#### *Eftirlit með raf- og rafeindabúnaði.*

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum var innleidd með reglugerð nr. 630/2014 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði. Við innleiðingu tilskipunarinnar benti Umhverfisstofnun á að e.t.v. færi betur á að eftirlit með framkvæmd tilskipunarinnar væri annars staðar en hjá stofnuninni og benti í því samhengi á Neytendastofu. Með lögum nr. 39/2014, um breytingu á ýmsum lagaákvæðum vegna færslu eftirlits með rafföngum til Mannvirkjastofnunar, var eftirlit með rafföngum, þ.e.a.s. sá hluti sem



var hjá Neytendastofu, fært til Mannvirkjastofnunar. Telja verður að eftirlit með framkvæmd tilskipunar 2011/65/ESB falli best að starfsemi Mannvirkjastofnunar og því sé eðlilegt skref að færa eftirlitið frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Með því móti verður eftirlitið skilvirkara og meiri samlegðaráhrif með öðru eftirliti en eftirlitið er hjá Umhverfisstofnun. Í frumvarpinu er af þeim sökum lagt til að eftirlit með raf- og rafeindabúnaði samkvæmt tilskipun 2011/65/ESB, sbr. reglugerð nr. 630/2014 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum, verði fært frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Í frumvarpinu er jafnframt sett skýrari lagastoð fyrir tilteknum atriðum í tilskipun 2011/65/ESB en nánari umfjöllun um það má finna í athugasemdum við einstakar greinar.

#### *Breytingar á orðalagi o.fl.*

Eins og áður segir hefur komið í ljós þörf á að skerpa á tilteknum atriðum í því skyni að tryggja betur framkvæmd laganna. Í frumvarpinu er af þeim sökum lagðar til breytingar á skilgreiningum á hugtökum og nýjum skilgreiningum bætt við. Í frumvarpinu er lagt til að bæta við skyldu tiltekinna aðila að halda skrár um plöntuverndarvörur og útrýmingarefni. Þá er lögð til breyting á framkvæmd við tilkynningu til Umhverfisstofnunar vegna markaðssetningar eitrefna og leyfisskyldra efna og efnablandna og á heimild tollstjóra til að hafna tollafgreiðslu efna og efnablandna. Enn fremur er lagt til að óheimilt verði að markaðssetja efni og efnablöndur sem ekki uppfylla ákvæði laganna um merkingar. Tilgangur þeirrar breytingar er að árétta ábyrgð verslana að selja ekki vanmerktar vörur. Auk þess er lagt til að Umhverfisstofnun hafi í því sambandi heimild til að beita verslanir stjórnvaldssektum brjóti þær gegn framangreindu ákvæði. Að lokum eru lagðar til nokkrar orðalagsbreytingar og einstaka efnisbreytingar en gerð er grein fyrir þeim í athugasemdum við einstakar greinar.

#### **IV. Samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar.**

Að mati ráðuneytisins gefur frumvarpið ekki tilefni til að skoða samræmi við stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

#### **V. Samráð.**

Frumvarpið snertir fyrst og fremst Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun. Þá snertir frumvarpið almenning og fyrirtæki í landinu, svo sem fyrirtæki sem markaðssetja efni, efnablöndur, hluti sem innihalda efni og eldsneyti.

Eins og áður segir var frumvarpið samið í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í samráði við Umhverfisstofnun og Mannvirkjastofnun. Frumvarpið var ekki sett í almennt umsagnarferli og ekki sent til umsagnar annarra aðila en Umhverfisstofnunar og Mannvirkjastofnunar. Ekki var talin sérstök þörf á að senda frumvarpið til umsagnar hjá tilteknum aðilum einkum þar sem samráð hefur átt sér stað á fyrri stigum vegna undirbúnings á innleiðingu á þeim EES-gerðum sem frumvarpið snertir. Í því samhengi má geta þess að samráð hefur verið haft við helstu hagsmunaaðila vegna tilskipana 2009/126/EB, 2012/33/ESB, 2009/30/EB og reglugerðar (ESB) nr. 517/2014 og efni þeirra kynnt. Auk þess hafa allar EES-gerðirnar nema 2009/30/EB verið til umfjöllunar á Alþingi. Enn fremur má geta þess að haft var samráð við helstu hagsmunaaðila við innleiðingu á tilskipun 2012/33/ESB og þeim send til umsagnar drög að reglugerð til innleiðingar á tilskipuninni, sem síðar varð að reglugerð nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti. Ráðuneytinu bárust nokkrar umsagnir um reglugerðardrögin sem sneru að mestu um að breyta orðalagi til að gera efni reglugerðarinnar skýrara. Ráðuneytið tók tillit til flestra framkominna athugasemda og var orðalagi breytt til

samræmis. Í einni umsögn um reglugerðardrögin var gagnrýnt að ætlunin væri ekki að miða við 3,5% brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti líkt og heimilt væri samkvæmt tilskipun 2012/33/ESB, en í reglugerðardrögunum var miðað við að brennisteinsinnihaldið ætti að vera 2%. Ráðuneytið tók ekki tillit til þessarar athugasemdar þar sem miðað hefur verið við 2% brennisteinsinnihald á undanförunum árum hér á landi, sbr. reglugerð nr. 560/2007 um fljótandi eldsneyti. Að lokum má geta þess að gert er ráð fyrir að samráð verði haft við vinnslu reglugerða, í samræmi við 2. mgr. 11. gr. efnalaga, nr. 61/2013, til innleiðingar á tilskipun 2009/126/EB, tilskipun 2009/30/EB og reglugerð (ESB) nr. 517/2014. Ráðuneytið áformar að senda helstu hagsmunaaðilum drög að reglugerðum til innleiðingar á framangreindum EES-gerðum og eftir atvikum gefa öðrum kost á að koma að sínum athugasemdum með almennu umsagnarferli á vefsíðu ráðuneytisins.

## VI. Mat á áhrifum.

Frumvarpið hefur áhrif á stjórnýsly Umhverfisstofnunar og Mannvirkjastofnunar. Frumvarpið felur í sér nýtt verkefni hjá Mannvirkjastofnun um eftirlit með raf- og rafeindabúnaði en það verkefni er í dag hjá Umhverfisstofnun. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að reglugerð nr. 630/2014 um takmörkun á notkun tiltekinna hættulegra efna í raf- og rafeinda-tækjum kveður á um fleiri atriði en fyrri reglugerð um sama efni sem Umhverfisstofnun hefur haft eftirlit með og því hefur Umhverfisstofnun ekki verið að sinna öllum þeim hlutverkum sem Mannvirkjastofnun verða falin verði frumvarpið að lögum. Verði frumvarpið að lögum verður Umhverfisstofnun falin ný hlutverk á grundvelli tilskipana 2009/126/EB og 2009/30/EB og reglugerð (ESB) nr. 517/2014 sem mun leiða til aukins umfangs á verkefnum stofnunarinnar. Önnur atriði frumvarpsins munu hafa óveruleg áhrif á starfsemi Umhverfisstofnunar.

Frumvarpið hefur einnig áhrif á almenning í landinu. Frumvarpið stuðlar að því að framkvæmd laganna gangi betur fyrir sig og af þeim sökum er líklegra að markmið laganna, um að meðferð efna, efnablandna og hluta sem innihalda efni valdi ekki tjóni á heilsu almennings, nái fram að ganga.

Að lokum hefur frumvarpið áhrif á fyrirtæki í landinu. Frumvarpið kveður á um nýjar skyldur sem fyrirtæki þurfa að uppfylla en þær eru tilkomnar vegna skuldbindinga Íslands á grundvelli EES-samningsins. Frumvarpið mun í fyrsta lagi leggja auknar skyldur á rekstrar- aðila bensínstöðva hér á landi en þær felast í því að setja upp kerfi til endurheimtar á bensín- gufu. Þó mun þessi skylda til uppsetningar gufugleypa verða frekar takmörkuð hérlendis þar sem árleg sala bensíns á stórum hluta bensínstöðva hérlendis nær ekki 500 þúsund lítrum á ári. Fjórar bensínstöðvar selja meira en 3 milljónir lítra af bensíni á ári og þær hafa þegar sett upp nauðsynlegan búnað eða eru rétt í þann mund að ljúka uppsetningu. Á 103 bensínstöðvum verður einungis skylt að setja upp gufugleypa ef þær undirgangast meiri háttar endurnýjun eða nýjar stöðvar verða byggðar. Þá er ein bensínstöð á Íslandi undir íbúðarhúsnæði og er talið ólíklegt að fleiri slíkar stöðvar verði reistar.

Frumvarpið mun í öðru lagi leggja auknar skyldur á eldsneytisbirgja sem hafa í för með sér kostnaðarauka, svo sem lífsferilsgreiningu á eldsneyti, skýrslugerð og vottun á sjálfbærni eldsneytis. Reikna má með að þeim kostnaði verði velt út í verð eldsneytis.

Í þriðja lagi er í frumvarpinu lagður grundvöllur að innleiðingu á reglugerð (ESB) nr. 517/2014 en þegar hún verður innleidd hér á landi mun hún leiða til aukins kostnaðar hjá fyrirtækjum sem framleiða vöru og búnað sem innihalda flúóraðar gróðurhúsalofttegundir sem og fyrirtækjum sem nota slíka vöru eða búnað. Reglugerðin kveður á um takmarkanir á markaðssetningu flúóraðra gróðurhúsalofttegunda sem mun leiða til þess að verð á þeim

mun að öllum líkindum hækka. Unnt er að skipta þessum efnum út fyrir önnur efni en það kallar í flestum tilvikum, ef ekki öllum, á breytingar á búnaði sem hefur í för með sér kostnað. Að lokum er rétt að vekja athygli á að takmarkanir á brennisteinsinnihaldi í eldsneyti geta leitt til þess að eldsneyti sem er á markaði verður dýrara. Takmörkun á brennisteinsinnihaldi í eldsneyti hefur þegar verið sett í reglugerð nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Lagt er til að áréttað verði að markmið laganna taki einnig til hluta sem innihalda efni í samræmi við gildissvið laganna.

Um 2. gr.

Lagt er til að nýjum skilgreiningum á hugtökum verði bætt við 3. gr. laganna, skilgreiningu á einu hugtaki verði breytt auk hugtakanotkunar í tveimur skilgreiningum. Í a-lið er lagt til að í stað hugtaksins plöntuvarnarefni verði notað hugtakið plöntuverndarvara í ljósi breyttrar hugtakanotkunar í EES-gerð um þetta efni. Í b-lið er lagt til að hugtakið sæfivara verði skilgreint með þeim hætti sem fram kemur í liðnum. Jafnframt er verið að breyta hugtakanotkun, þ.e. að í stað þess að tala um sæfiefni verði talað um sæfivöru í ljósi breyttrar hugtakanotkunar í EES-gerð um þetta efni. Í c-lið er lögð til breyting á hugtakanotkun til samræmis við a- og b-lið. Í d-lið er lagt til að bæta fjórum nýjum skilgreiningum við lögin.

Um 3. gr.

Í greininni er lögð til breyting á orðalagi 5. gr. laganna um hlutverk Umhverfisstofnunar. Lagt er til að orðið „framleiðsla“ falli brott þar sem hugtakið meðferð er skilgreint með þeim hætti að framleiðsla fellur þar undir. Þá er áréttað að Umhverfisstofnun skuli upplýsa almenning um hættu tengda notkun á hlutum sem innihalda efni í samræmi við gildissvið laganna.

Um 4. gr.

Í greininni er lögð til breyting á orðalagi 6. gr. laganna um hlutverk heilbrigðisnefnda. Lagt er til að orðið „notkun“ falli brott þar sem hugtakið meðferð er skilgreint með þeim hætti að notkun fellur þar undir. Þá er áréttað að heilbrigðisnefndir hafi einnig eftirlit með efnablöndum í samræmi við gildissvið laganna.

Um 5. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 8. gr. laganna til samræmis við breytingu sem lögð er til í frumvarpinu á 20. gr. laganna, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í frumvarpinu er lagt til að eftirlit með raf- og rafeindabúnaði verði fært frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Af þeim sökum er í greininni kveðið á um hlutverk Mannvirkjastofnunar verði frumvarpið að lögum. Lagt er til að stofnunin hafi eftirlit með markaðssetningu raf- og rafeindabúnaðar, hafi eftirlit með að framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðilar raf- og rafeindabúnaðar uppfylli skyldur sínar, hafi eftirlit með að ESB-samræmisyfirlýsing og CE-merki sé til staðar og hafi almennt eftirlit með framkvæmdinni og beiti þvingunarúrræðum eftir því sem þörf krefur.

## Um 7. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 11. gr. laganna sem fjallar um reglugerðarheimildir ráðherra. Í a-lið er lagt til að bæta við tilvísun til greina til að auka á skýrleika. Í b- og d-lið er orðalagi breytt til samræmis við breytta hugtakanotkun. Í c-, e-, j- og k-lið eru lagðar til breytingar á orðalagi til samræmis við aðrar breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu. Í f-lið er lagt til að nýjum staflið verði bætt við 8. tölul. Um er að ræða 9. tölul. 11. gr. nógildandi laga en efni hans tengist ósoneyðandi efnunum sem fjallað er um í 8. tölul. og á því sá liður betur heima þar. Í g-lið er lagt til að í stað 9. tölul. komi nýr liður um reglugerðarheimildir ráðherra varðandi raf- og rafeindabúnað í samræmi við ný ákvæði um raf- og rafeindabúnað sem lögð eru til í frumvarpinu. Í h-lið er lagt til að nýjum stafliðum verði bætt við 10. tölul. 11. gr. laganna um reglugerðarheimildir ráðherra varðandi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir í samræmi við ný ákvæði um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir sem lögð eru til í frumvarpinu. Í i-lið er lagt til að í stað 13. tölul. 11. gr. laganna komi nýr liður um reglugerðarheimildir ráðherra varðandi eldsneyti í samræmi við ný ákvæði um eldsneyti sem lögð eru til í frumvarpinu. Efni nógildandi 13. tölul. verður fært í 15. tölul. verði frumvarpið að lögum, sbr. j-lið. Í l-lið er lagt til að 21. tölul. 11. gr. falli brott þar sem efni hans kemur einnig fram í 4. tölul. sömu greinar.

## Um 8. gr.

Lagt er til að aðgæsluskylda sem um getur í 12. gr. laganna taki einnig til hluta sem innihalda efni í samræmi við gildissvið laganna.

## Um 9. gr.

Gerð er tillaga um breytingu á fyrirsögn greinarinnar. Einnig er lögð til orðalagsbreyting á 4. mgr. 14. gr. laganna til að gera hana skýrari og til samræmis við breytta hugtakanotkun. Þá er lagt til að við 14. gr. bætist ný málsgrein um skyldur aðila til að halda skrár vegna plöntuverndarvara en markmiðið er að nefna þessa skyldu einnig, sem kveðið er á um í reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, til samræmis við skyldur annarra aðila sem um getur í 14. gr. laganna.

## Um 10. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 18. gr. laganna til áréttingar um að aðrar reglur gilda einnig um flutning hættulegra efna. Þannig er bætt við að um flutning hættulegra efna á landi fari samkvæmt lögum þeim og reglugerðum er við eiga um það efni.

## Um 11. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna um tollafgreiðslu í ljósi framkvæmdar laganna. Lagt er til að sá sem markaðssetur eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur skuli tilkynna Umhverfisstofnun um hvaða efni og efnablöndur ræðir. Jafnframt er lagt til að Umhverfisstofnun gefi út skráningarnúmer fyrir tollafgreiðslu eiturefna og leyfisskyldra efna og efnablandna. Þá er lagt til að sá sem markaðssetur eiturefni og leyfisskyld efni eða efnablöndur skuli upplýsa Umhverfisstofnun um magn þeirra og notast við sérstök eyðublöð í því skyni. Að lokum er, líkt og í nógildandi lögum, gert ráð fyrir heimild tollstjóra til að hafna tollafgreiðslu efna og efnablandna sem uppfylla ekki skilyrði laga þessara, að fengnum til-mælum frá Umhverfisstofnun.

## Um 12. gr.

Í greininni er lagt til að þrjár málsgreinar falli brott en efni þeirra verður að hluta til fært í 20. gr. laganna verði frumvarpið að lögum, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

## Um 13. gr.

Í greininni er lagt til að 24. gr. laganna taki einungis til tiltekinna varnarefna og verði frumvarpið að lögum verður ekki lengur þörf á að tilkynna markaðssetningu allra varnarefna heldur einungis hluta þeirra. Þá er lagt til að skylda til að móttakandi efna sýni skilríki og kvitti fyrir móttöku eigi einungis við þegar um er að ræða eiturefni. Að lokum er orðalagi varðandi skyldu til að skila upplýsingum til Umhverfisstofnunar breytt til að gera það skýrara og skyldan afmörkuð við útrýmingarefni og plöntuverndarvara í stað allra varnarefna.

## Um 14. gr.

Í greininni er lagt til að óheimilt verði að markaðssetja efni og efnablöndur sem ekki uppfylla ákvæði laganna um merkingar. Tilgangur með þessari breytingu er að áréttta ábyrgð rekstraraðila verslunar að bjóða einungis til sölu vöru sem uppfyllir ákvæði laganna um merkingar. Með þessu er þannig lögð aukin ábyrgð á rekstraraðila verslana að ganga úr skugga um að vörur sem þeir fá frá birgjum uppfylli viðeigandi kröfur áður en þeir bjóða þær til sölu.

## Um 15. gr.

Í greininni er felld á brott skýring á því hvað markaðsleyfi felur í sér en skýringin er misvísandi og ekki alls kostar rétt. Þá er orðalagi breytt með hliðsjón af breyttri hugtakanotkun.

## Um 16. gr.

Í greininni er lagt til að heimild Umhverfisstofnunar til að veita leyfi til hliðstæðra viðskipta með varnarefni verði afmörkuð nánar. Lagt er til að heimildin verði bundin við að varan sem veita á leyfi fyrir sé sambærileg og vara sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi.

## Um 17. gr.

Í greininni er lagt til að orðalagi 40. gr. laganna verði breytt til að gera það skýrara og til samræmis við breytta hugtakanotkun hvað varðar snyrtivörur. Þá er felld á brott ákvæði um bann við fullyrðingum í auglýsingum en slíkt bann er einnig að finna í 33. gr. laganna og því um óþarfa tvítekningu að ræða.

## Um 18. gr.

Lögð er til breyting á fyrirsögn greinarinnar. Þá er lagt til að bætt verði við greinina reglugerðarheimild ráðherra til samræmist við 10. tölul. 1. mgr. 11. gr. laganna. Einnig er bætt við greinina að rekstraraðilar skuli sjá til þess að tiltekinn búnaður hafi lekaleitarkerfi.

## Um 19. gr.

Í greininni er lögð til breyting á 3. mgr. 43. gr. laganna. Lagaákvæðið gerir kröfu um að vottun samkvæmt lögnum skuli framkvæmd af vottunaraðila sem hafi hlotið faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o.fl. Framkvæmd ákvæðisins hefur ekki gengið sem skyldi og því er talin þörf á að áréttta að erlendir aðilar, sem hlotið hafi vottun eða verið tilnefndir

sem vottunaraðilar í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, geti framkvæmd vottun hér á landi.

Um 20. gr.

Lagt er til að kveðið verði nánar á um merkingu vöru og búnaðar sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir. Lagt er til að vara og búnaður sem innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir hafi upplýsingar um magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda bæði í kg og í CO<sub>2</sub> jafngildum og hafi að geyma aðrar upplýsingar sem sýni fram á að innihaldið sé flúoraðar gróðurhúsalofttegundir.

Um 21. gr.

Lagt er til að þrjár nýjar greinar bætist við lögin. Um er að ræða undirbúning á innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Í a-lið er lagt til að framleiðendur vöru og búnaðs sem innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir skuli lágmarka leka þessara lofttegunda við framleiðslu, flutning og geymslu vörunnar og búnaðarins. Í b-lið er lagt til að óheimilt verði að markaðssetja vörur og búnað sem innihaldi flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Jafnframt verði notkun tiltekinna flúoraðra gróðurhúsalofttegunda háð takmörkunum eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Í c-lið er lagt til að magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markaði verði háð takmörkun. Þannig er gert ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð ákvæði um leyfilegt magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem framleiðendur og innflytjendur megi setja á markað ár hvert. Þá skal í reglugerðinni kveða á um úthlutun á kvótum til markaðssetningar flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Að lokum er lagt til að framleiðendur, innflytjendur og útflytjendur flúoraðra gróðurhúsalofttegunda skuli halda skrá yfir magn og gerð flúoraðra gróðurhúsalofttegunda sem sett eru á markað eða flutt út.

Í greininni er lagt til að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar. Í reglugerð (ESB) nr. 517/2014 er kveðið nánar á um framangreind ákvæði og verður reglugerðin innleidd hér á landi með tilvísunaraðferð.

Um 22. gr.

Í greininni er orðalagi breytt til að gera hana skýrari.

Um 23. gr.

Í greininni er lögð til breyting á heiti greinarinnar og að orðalagi verði breytt með hliðsjón af breyttri hugtakanotkun. Nú er talað um útrýmingarefni og plöntuverndarvörur og því eðlilegt að breyta orðalagi greinarinnar til samræmis við það. Þá er aldurskilyrði, sem nú er í 46. gr. laganna, fært í greinina. Þá er felld úr lögnum krafa um að umsækjandi um notendaleyfi þurfi að gera grein fyrir fyrirhugaðri notkun á efnunum en ekki er talin þörf á slíku skilyrði.

Um 24. gr.

Hér er lagt að tveimur nýjum köflum, með 16 nýjum greinum, verði bætt við lögin.

*Um a-d-lið.*

Um er að ræða breytingar vegna færslu á eftirliti með raf- og rafeindabúnaði frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Jafnframt er ætlunin að setja skýrari lagastoð fyrir tiltekn-

um atriðum í tilskipun 2011/65/ESB. Í a-lið er lagt til að óheimilt verði að setja á markað raf- og rafeindabúnað sem innihaldi tiltekin efni sem ráðherra tilgreinir í reglugerð. Þá er einnig gert ráð fyrir að ráðherra verði heimilt í reglugerð að kveða á um hámarksstyrk tiltekinna efna í raf- og rafeindabúnaði. Í b-lið er lagt til að ákveðnar skyldur verði lagðar á framleiðendur, innflytjendur og dreifingaraðila raf- og rafeindabúnaðar. Verði frumvarpið að lögum skulu þeir m.a. tryggja að raf- og rafeindabúnaður hafi verið hannaður og framleiddur í samræmi við kröfur laganna og reglugerð settum samkvæmt þeim, útbúa tilskilin tæknigögn og hafa innra framleiðslueftirlit, útbúa ESB-samræmisýfirlýsingu og festa CE-merkið á vöruna, varðveita gögn í tíu ár og merkja raf- og rafeindabúnaðinn eða láta viðeigandi upplýsingar fylgja honum. Í c-lið er kveðið á um ESB-samræmisýfirlýsingu og CE-merkið. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um ESB-samræmisýfirlýsingu. Í d-lið er að lokum lagt til að Mannvirkjastofnun fari með eftirlit með framkvæmd þeirra ákvæða sem fram koma í þessum nýja kafla. Lagt er til að um framkvæmd eftirlits og þvingunarúrræði fari samkvæmt lögum nr. 42/2009, um vishönnun vöru sem tengist orkunotkun.

*Um e–h-lið.*

Um er að ræða innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/126/EB um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytistöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum. Í e-lið er lagt til að allar nýjar bensínstöðvar skuli vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensínufu ef raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er umfram tiltekin mörk og að allar bensínstöðvar sem fyrir eru og gangast undir meiri háttar endurnýjun skuli koma upp slíku kerfi við endurnýjun ef raunverulegt eða áætlað gegnumstreymi er umfram tiltekin mörk. Þá er enn fremur lagt til að allar bensínstöðvar sem fyrir eru og með gegnumstreymi umfram tiltekin mörk skuli vera útbúnar kerfi til endurheimtar bensínufu eigi síðar en 31. desember 2018. Í f-lið er lagt til að gufugleypibúnaður þurfi að uppfylla lágmarkskröfur um endurheimt bensínufu. Í g-lið er lagt til að rekstraraðilar bensínstöðva skuli láta faggiltan skoðunaraðila prófa virkni kerfa til endurheimtar bensínufu. Talið er að hagkvæmast sé fyrir rekstraraðila að faggiltir skoðunaraðilar prófi virkni þessara kerfa í stað að Umhverfisstofnun verði falið það hlutverk. Í h-lið er lagt til að rekstraraðilar bensínstöðva, þar sem sett hafa verið upp kerfi til endurheimtar bensínufu, skuli tryggja að upplýsingar um tilvist búnaðarins séu sýnilegar neytandanum.

*Um i–k-lið.*

Um er að ræða viðbót við lög in til að styrkja lagastoð fyrir innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/33/ESB um breytingu á tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti en tilskipunin var innleidd með reglugerð nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti. Í i-lið er lagt til að brennisteinsinnihald í eldsneyti, sem notað er hér á landi og í mengunarlögsögu Íslands, skuli fylgja þeim takmörkunum sem ráðherra setur í reglugerð. Í j-lið er lagt til að skipstjóri beri ábyrgð á að dagbók skips sé rétt útfyllt þar sem fram komi m.a. hvers konar eldsneyti sé notað. Jafnframt er lagt til að skipaeldsneytisbirgjar skuli skrá brennisteinsinnihald í öllu skipaeldsneyti sem þeir setja á markað á afhendingarseðil og að þeir skuli upplýsa Umhverfisstofnun um niðurstöður mælinga viðurkenndra rannsóknastofa um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti.

Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun skuli halda skrá yfir skipaeldsneytisbirgja á landinu. Í k-lið er kveðið á um heimildir Umhverfisstofnunar eða aðila í umboði hennar til eftirlits. Lagt er til að Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði hennar verði heimilt að taka sýni úr skipum, tönkum og olúbirgðastöðvum eða fá upplýsingar frá rannsóknastofu sem skipaeldsneytisbirgir vísar til. Jafnframt er lagt til að Umhverfisstofnun eða aðilum í umboði

hennar verði heimill aðgangur að olíudagbókum skipa og kvittunum frá söluaðila olíu þar sem fram komi upplýsingar um brennisteinsinnihald skipaeldsneytis.

*Um l–p-lið.*

Um er að ræða undirbúning á innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/30/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og díseleldsneytis og innleiðing kerfis til að fylgjast með og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og sem breytir tilskipun 1999/32/EB um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti og fellir úr gildi tilskipun 91/12/EBE.

Í l-lið er lagt til að einungis verði heimilt að markaðssetja eldsneyti sem uppfyllir kröfur um innihaldsefni sem ráðherra setur í reglugerð. Í m-lið er lagt til að eldsneytisbirgjar skuli bera ábyrgð á vöktun og skýrslugerð um losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku og skuli jafnframt senda Umhverfisstofnu árlega skýrslu um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku. Þá er lagt til að eldsneytisbirgjar skuli minnka smám saman losun gróðurhúsalofttegunda á vistferli fyrir hverja orkueiningu úr eldsneyti og afhentri orku eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Í n-lið er lagt til að settar verði í reglugerð viðmiðanir um sjálfbærni fyrir lífildsneyti. Í o-lið er lagt til að reikna skuli út losun gróðurhúsalofttegunda frá lífildsneyti á vistferli eftir því sem kveðið er á um í reglugerð sem ráðherra setur. Í p-lið er lagt til að birgjar skuli sjá til þess að merkimiði sem varðar innihald málmíblöndunarefna í eldsneyti sé þar sem eldsneyti með málmíblöndunarefnum er á boðstólum fyrir neytendur. Jafnframt er tilgreint hvaða texti skuli vera á slíkum merkimiða.

Um 25. gr.

Lögð er til breyting á heiti 50. gr. laganna. Þá er í greininni lögð til orðalagsbreyting. Með hliðsjón af efni greinarinnar er réttara að tala um viðurkenndar prófunarniðurstöður í stað upplýsinga. Til að Umhverfisstofnun geti haft eftirlit með framkvæmd laganna þarf hún að geta fengið viðurkenndar prófunarniðurstöður um efnainnihald vara. Þá er einnig réttara að tala um vörueintak í stað sýnis. Í mörgum tilvikum væri ókleift að taka sýni af vöru til að kanna hvort hún uppfyllti kröfur laganna eða reglugerða settum samkvæmt þeim og þyrfti þess í stað að fá eintak af vörunni til skoðunar.

Um 26. gr.

Lögð er til breyting á heiti 51. gr. laganna. Einnig er í greininni lögð til orðalagsbreyting. Með hliðsjón af efni greinarinnar er réttara að tala um vörueintak í stað sýnis. Í mörgum tilvikum væri ókleift að taka sýni af vöru til að kanna hvort hún uppfyllti kröfur laganna eða reglugerða settum samkvæmt þeim og þyrfti þess í stað að fá eintak af vörunni til skoðunar.

Um 27. gr.

Í greininni er lagt til að talað verði um birgja í stað framleiðenda og innflytjenda þar sem það er mikilvægt fyrir Umhverfisstofnun vegna eftirlits með framkvæmd laganna að geta kallað eftir upplýsingum frá fleiri aðilum en framleiðendum og innflytjendum.

Um 28. gr.

Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun taki gjald fyrir yfirferð á skýrslu eldsneytisbirgja, sbr. m-lið 24. gr. frumvarpsins. Þá er felld út gjaldrökuheimild Umhverfisstofnunar hvað varðar námskeið og próf þar sem aðrir aðilar en Umhverfisstofnun munu halda þau. Þá



er lögð til breyting á greininni í samræmi við breytta hugtakanotkun, sbr. 23. gr. frumvarpsins. Að lokum er bætt við heimild til gjaldtöku Umhverfisstofnunar fyrir útgáfu skráningarnúmers fyrir tollafgreiðslu eiturefna og leyfisskyldra efna og efnablandna, sbr. 11. gr. frumvarpsins.

#### Um 29. gr.

Í greininni eru lögð til viðmið við ákvörðun fjárhæðar dagsektar sem Umhverfisstofnun ber að taka mið af við ákvörðun dagsekta. Lagt er til að við ákvörðun fjárhæðar dagsekta verði m.a. höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

Auk þess er lagt að kveðið verði nánar á um greiðslu og innheimtu dagsekta. Talin er þörf á að kveða skýrar á um framkvæmd við innheimtu dagsekta og áréttá að þær séu ekki endurgreiddar þó aðili hafi bætt úr ágöllum. Þó er rétt að hafa ákveðin varnagla á framangreindri meginreglu og veita Umhverfisstofnun heimild til að endurgreiða dagsektir að öllu leyti eða hluta ef sérstaklega stendur á og málsástæður eru með þeim hætti að fallast mætti á slíka kröfu. Ákvæðið tekur mið af lögum nr. 70/2012, um loftlagsmál.

#### Um 30. gr.

Lögð er til breyting á heiti greinarinnar í samræmi við efni hennar.

Við framkvæmd laganna hefur komið í ljós að þörf er á að skýra betur orðalag greinarinnar til að ná betur fram þeim tilgangi sem greininni er ætlað að þjóna.

Í athugasemdum við einstakar greinar frumvarps til efnalaga, er varð að efnalögum, segir eftirfarandi: „Lagt er til að Umhverfisstofnun sé heimilt að takmarka markaðssetningu efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni sem uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Í þessu felst m.a. að Umhverfisstofnun getur tekið úr sölu eða dreifingu tiltekin efni, efnablöndur eða hluti sem innihalda efni þar til bætt hefur verið úr ágöllum. Þessi heimild er hugsuð fyrir þau tilvik þar sem unnt er að bæta úr ágöllum á efnum, efnablöndum eða hlutum sem innihalda efni. Með þessu móti getur Umhverfisstofnun til dæmis tekið úr sölu um stundarsakir vanmerкта vöru og veitt seljanda færi á að bæta úr ágöllum. Að því loknu getur varan farið aftur í sölu.“

Af framangreindu er ljóst að tilgangurinn með greininni hafi verið að veita Umhverfisstofnun heimild til þess að taka vöru úr sölu tímabundið á meðan bætt væri úr ágöllum og þegar því væri lokið gæti varan farið aftur í sölu. Til að ná fram þessum tilgangi er þörf á að breyta orðalagi greinarinnar. Af þeim sökum er lagt til að í stað þess að tala um takmörkun markaðssetningar vöru um stundarsakir verði talað um stöðvun markaðssetningar á vöru um stundarsakir. Einnig er lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilt að stöðva markaðssetningu efnis, efnablöndu eða hlutar sem inniheldur efni þegar í stað þegar grunur leikur á að varan uppfylli ekki skilyrði laganna eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Með þessari breytingu verður Umhverfisstofnun heimilt að stöðva markaðssetningu tiltekinnar vöru þegar í stað til að koma í veg fyrir frekari markaðssetningu vörunnar a.m.k. um stundarsakir. Í greininni er lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilt að taka ákvörðun um stöðvun markaðssetningar á vöru um stundarsakir án þess að veita aðila andmælarétt samkvæmt stjórnisýslulögum en skal í stað þess veita honum færi á að koma sínum sjónarmiðum að um leið og ákvörðun hefur verið tekin. Í þessu felst að Umhverfisstofnun getur tekið ákvörðun þegar í stað um að stöðva markaðssetningu tiltekinnar vöru, án þess að veita aðila andmælarétt áður á grundvelli stjórnisýslulaga. Þó skal stofnunin gefa aðila færi á að koma sínum sjónarmiðum að um leið

og ákvörðun um stöðvun markaðssetningar hefur verið tekin. Nauðsynlegt er að víkja frá meginreglu stjórnssýslulaga hvað þetta varðar því að öðrum kostum virkar þvingunarúrræðið ekki sem skyldi. Ef stofnunin þyrfti að gæta að andmælarétti aðila gæfist honum t.d. færi á að selja umrædda vöru áfram á meðan frestur til andmæla varði.

#### Um 31. gr.

Í greininni er lögð til breyting á heiti greinarinnar þannig að það verði betur í samræmi við efni hennar.

#### Um 32. gr.

Í greininni er lögð til breyting á heiti greinarinnar og efni hennar afmarkað við stöðvun tiltekinnar starfsemi. Umhverfisstofnun getur beitt öðrum úrræðum laganna ef um er að ræða notkun á efni eða efnablöndu og því er lagt til að greinin taki ekki til stöðvunar á notkun á efnum og efnablöndum. Þá er lagt til að orðin „með aðstoð lögreglu ef þurfa þykir“ falli út þar sem sú heimild er til staðar í 60. gr. laganna og því um óþarfa tvítekningu að ræða.

#### Um 33. gr.

Í greininni er í fyrsta lagi lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilt að beita stjórnvaldssektum í fleiri tilvikum en samkvæmt núgildandi lögum. Í 14. gr. frumvarpsins er lagt til að óheimilt verði að markaðssetja efni og efnablöndur sem ekki uppfylla ákvæði laganna um merkingar. Eins og fram kemur í athugasemdum við 14. gr. frumvarpsins er tilgangur með þessari breytingu að áréttu ábyrgð rekstraraðila verslunar um að bjóða einungis til sölu vöru sem uppfyllir ákvæði laganna um merkingar. Ef misbrestur verður á því er eðlilegt að Umhverfisstofnun hafi skilvirk úrræði til að bregðast við. Af þeim sökum er lagt til að Umhverfisstofnun hafi einnig heimild til að beita stjórnvaldssektum á rekstraraðila verslana sem bjóða til sölu vöru sem ekki eru merktar í samræmi við ákvæði laganna. Í öðru lagi er lagt til að Umhverfisstofnun fái heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna vanefnda á tilkynningum til Umhverfisstofnunar, sbr. 11. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er lagt til að Umhverfisstofnun fái heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna frávika frá ákvæðum um gæði eldsneytis, sbr. i- og l-lið 24. gr. frumvarpsins, svo sem ef eldsneytisbirgjar markaðssetja eldsneyti sem uppfyllir ekki kröfur um efnainnihald. Í fjórða lagi er lagt til að Umhverfisstofnun fái heimild til þess að beita stjórnvaldssektum vegna frávika vegna snyrtivara, sbr. 40. gr. laganna. Í fimmta lagi er lagt til að Umhverfisstofnun verði heimilt að beita stjórnvaldssektum vegna brota á ákvæðum um markaðssetningu eiturefna og tiltekinnna varnarefna. Samkvæmt núgildandi lögum nær sú heimild einungis til tilkynningarskyldu en í ljósi þeirra tilvika sem upp hafa komið í kjölfar eftirlits Umhverfisstofnunar er ljóst að æskilegt væri að beita þeim í fleiri tilvikum.

Að lokum er lagt til að Umhverfisstofnun hafi heimild til að beita stjórnvaldssektum vegna frávika sem tengjast framleiðslu, markaðssetningu og notkun efna og efnablandna, sbr. 23. gr. laganna.

#### Um 34. gr.

Með frumvarpinu er ætlunin að innleiða og/eða undirbúa innleiðingu á nokkrum EES-gerðum, þ.e. tilskipunum 2009/30/EB, 2012/33/ESB og 2009/126/EB og reglugerð (ESB) nr. 517/2014, og því er lögð til breyting á greininni til samræmis. Þá er greininni breytt þar sem ein EES-gerð hefur fallið úr gildi og önnur komin í staðinn. Einnig er lagt til að bætt

verði við greinina tilvísunum til ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um upptöku EES-gerðanna í EES-samninginn.

Um 35. og 36. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

## Fylgiskjal.

*Fjármála- og efnahagsráðuneyti,  
skrifstofa opinberra fjármála:*

### **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á efnalögum, nr. 61/2013 (gufugleypibúnaður, gæði eldsneytis, færsla eftirlits o.fl.).**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á gildandi efnalögum sem skýrast af fimm til-efnum en þau tengjast annars vegar innleiðingu á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins og hins vegar því að eftirlit með notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði færist frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar. Gert er ráð fyrir að frumvarpið taki gildi sem lög við samþykkt þess.

Verði frumvarpið að lögum verður í fyrsta lagi innleidd tilskipun 2009/126/EB, um II. áfanga endurheimtar bensínufu við eldsneytisupptöku fyrir vélknúin ökutæki á bensínstöðvum.

Í öðru lagi er frumvarpinu ætlað að styrkja lagastoð fyrir innleiðingu á tilskipun 2012/33/EB, um breytingu á tilskipun um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti með það að markmiði að minnka losun brennisteinsdíoxíðs.

Í þriðja lagi er með frumvarpinu undirbúin innleiðing á tilskipun 2009/30/EB um breytingu á tilskipun 98/70/EB um gæði bensíns og dísileldsneytis og innleiðing kerfis til að fylgjast með og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Gert er ráð fyrir að framangreindar eldsneytisgerðir auki kostnað Umhverfisstofnunar um 5,5 m.kr. á ári í tengslum við upplýsingagjöf, eftirlit, sýnatökur og erlend samskipti. Skipting kostnaðar er 4,5 m.kr. vegna hálfstóðugildis og 1 m.kr. í sýnatökur og ferðakostnað.

Í fjórða lagi er með frumvarpinu lagt til að undirbúin verði innleiðing á reglugerð (ESB) nr. 517/2014 um flúoraðar gróðurhúsalofttegundir og niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 842/2006. Reglugerðin hefur ekki verið tekin upp í EES-samninginn en með henni eru settar reglur um aðgerðir til að draga úr losun, um viðskipti, takmarkanir og skerðingu á framboði flúoraðra gróðurhúsalofttegunda. Með frumvarpinu er sett fram bann við notkun flúoraðra gróðurhúsalofttegunda í nýjum tækjum, svo sem ísskápum, og ákvæði til að koma í veg fyrir leka í tækjum sem þegar eru í notkun með eftirliti og þjónustu ásamt endurnýtingu þessara lofttegunda. Ekki er áætlað að innleiðing ákvæða sem tengjast flúoruðum gróðurhúsalofttegundum hafi kostnaðarauka í för með sér að svo stöddu en með frumvarpinu er ráðherra heimilað að setja reglugerð sem kveður á um leyfilegt magn flúoraðra gróðurhúsalofttegunda á markaði. Gera má ráð fyrir að innleiðing reglugerðarinnar hafi einhvern kostnaðarauka í för með sér, eða um 2 m.kr.

Að síðustu er lagt til að eftirlit með notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði færist frá Umhverfisstofnun til Mannvirkjastofnunar ásamt því að settar eru skýrari lagastoðir fyrir tiltekin atriði í tilskipun 2011/65/ESB sem þegar hefur verið innleidd. Gera má ráð fyrir 7,5 m.kr. kostnaðarauka hjá Mannvirkjastofnun vegna þessa, annars vegar vegna hálfis stöðugildis og hins vegar vegna kostnaðarauka sem samanstendur af aðkeyptri vinnu frá skoðunarstofum, prófunum á vörum vegna markaðseftirlits og erlendum samskiptum.

Verði frumvarpið óbreytt að lögum má gera ráð fyrir að útgjöld ríkissjóðs aukist um 15 m.kr. Reiknað er með að útgjöld Mannvirkjastofnunar aukist um 7,5 m.kr. vegna eftirlits með notkun hættulegra efna í raf- og rafeindatækjum og að útgjöld Umhverfisstofnunar aukist um 7,5 m.kr. vegna annarra ákvæða. Ekki var gert ráð fyrir þessum útgjöldum í fjárlögum ársins 2015. Á móti vegur að gera má ráð fyrir að Mannvirkjastofnun, sem fjármögnuð er að fullu með mörkuðum tekjum, geti staðið straum af áætluðum kostnaði sem til fellur hjá stofnuninni með markaðseftirlitsgjaldi af rafföngum.